

M i ð f j a r ð a r n e s .

Jörð í Skeggjastaðahreppi næst austan við Saurbæ, sama um örnefni að segja og fyrr, þórarinn Magnússon safnaði hér, en þeir á Miðfjarðarnesi, Pétur Gunnarsson og bróðir hans, endurbættu það.

Bærinn Miðfjarðarnes stendur á sjávarbakka austanvert á nesi því, er gengur fram milli Finnafjarðar og Miðfjarðar.

Verður þá byrjað og farið með sjó frá merkjum móti Miðfjarðar-nesseli. Þar er þá fyrst Fjarðargil (1), það er rétt norðan við ós Miðfjarðarár, skörningur, þar sem vegurinn liggur niður allbratta brekku. Ofan við gilið er melur, sem heitir Fjarðargilsmelur (2). Nokkrum föðum utar var annað gil, sem hét Krossgötugil (3); þar voru gamlar götur á bakkanum. Nú hefir þetta gil verið fyllt upp. Þá er þar utar í bakkanum örskammt frá Kvígulág (4). Upp af henni voru gömul beitarhús, nefnd Móhús (5). Út og upp af Móhúsina hækkar landið, og heitir það Sandhæð (6). Og innst á Sandhæð heitir Nónöxl (7). Flagbrekka (8) er uppaf og innan við Nónöxlina, nokkuð stórt flæmi.

Háubakkar (9) eru sandbakkar, þar sem ekið er úteftir, eru fyrir utan Kvígulág. En Lagnetsgil (10) skerst þar upp úr fjörunni og inn í bakkann. Stutt þar frá, ef til vill 1 km., er annað gil; það er Sandgil (11). Utan við Háubakka eru Skurðir (12), grafningar, er koma hér niður á bakkana. Einn þeirra heitir Langiskurður (13), sem nær hér lengst upp í mýrina, fyrir ofan bakkana. Þá er Pollalækur (14) rétt hér framur, myndast rétt ofan við veginn, er þar í Pollalækjar-sundi (15); yfir þetta sund liggur upphleypt brú. En sundið sker í sundur Jarðbakkann. En Jarðbakkinn (16) er greinilegur malarbakki samhangandi austan frá Djúpalæk og norður í Finnafjörð. Suður af Pollalækjarsundi er Hálsaúladökk (17). En ofan við Jarðbakkann er Jarðbakkafloði (18), sem nær vestur að Ótræðislæk (19). En sá lækur verður síðar nefndur, hann rennur til sjávar rétt norðan við bæinn. Kúalág (20) er innan við Jarðbakkafloða. En Stekkur (21) er niður við sjó utan við Pollalæk.

Björg (22) eru hér skammt fyrir framan bæ með sjó. Bæjarmegin við Björgin er klettur, sem heitir Kattarhryggur (23); þetta er brík við sjóinn, sem er að verða laus við land. Rétt framan við túngirðinguna er staður sem nefndur er Strokkur (24). Þetta er bás inn í klettana, þar er svo aðdjúpt að aldrei fjarar. Var þar hella áður fyrr með gati á. Gaus þar upp sjór í brimum. Nú er sú hella hærfin. Þá er Hádegisklettur (25), er fram og niður af túninu, þar var hádegi frá gamla bænum. Þá er Lvfiavík (26) niður af íbúðarhúsinu. Þar var

lending, og við þessa vík voru eitt sinn kvíar . Þá var smáhorn, sem aðskildi Kvíavík frá Skemmufjöru (27). Þar á blábackkanum var gamli bærinn, og Skemmufjaran var aðalleikvöllur barnanna. Þar norðar var svo Norðurfjara (28), sem náði að Ótræðislæk.

Upp með Ótræðislæk var gamli bærinn á Miðfjarðarnesi II. Austan við hann hétu Kílkeldur (29); þetta er uppi í mýrinni neðan við Jarðbakkann. Kíll (30) var nokkurskonar stöðuvatn, en svo fór Ótrauðslækurinn í Kílinn og ruddi hann fram og breytti honum í farveg. Rétt norðan við lækinn var Myllulind (31), var lækur teinn úr dýjum og búinn til úr dýjum til að mala með korn; þar sést enn fyrir myllunni. En hana var hætt að gæta fyrir um 30 árum síðan. Lækjargilið (32) klýfur jarðbakkann; þar er nú brú á því. Norðan við gilið var Náttmálapúfa (33). En Kot (34) er eyðibýli við gilið .

Stekkur (35) var hénút með sjónum, er nú kominn í tún. Er yngri stekkur en sá, sem fyrr var nefndur við Pollalæk. Rétt norðan er Stekkjarkelda (36), og Stekkjárvík (37) er smákvos þar inn í landið . Skammt utan við Stekkinn er gömul fjárberg, Borg (38). Fjaran niður af Borginni var nefnd Borgarkrókur (39). Og niður í Krókinn rann Borgarkelda (40). Þá er nokkuð utar önnur kelda, sem heitir Stórakelda (41). Þá eru svonefndir Básar (42) meðfram sjónum; reyndar er það aðallega einn bás., þá er þar uppfrá Hólpúfa (43), sem er einkennileg smápúfa þar á sléttum meli. Þá eru hér tvær smávíkur austan á Hrauntanga, sem heita Heimarivík (44) og Ytrivík (45). Yzt á Hrauntanga (46), en á honum eru merki móti Saurbæ, og þar er það, sem þetta nes nær lengst fram í sjó. Yzt á Hrauntanga er Lambalág (47), sérkennilegur staður, þar uppaf er Þrætumýri (48) á merkjum; um hana var deilt eitt sinn .

Hrauntanginn skilur þannig lönd móti Saurbæ, og yzt í honum er Tangavík (49). Þá er Sjónarpúfa (49) inn og austur af Þrætumýri; þar á að hafa sést ljós, sem logaði af gulli. Þar var grafið eitt sinn, en þá sýndist þeim, sem að unnu, tanginn, sem þeir voru á, losna frá landi. Urðu þeir hræddir og hattu, en merki ggraftarins sjást enn í dag. Þá er þar nokkuð frá Álfhóll (51), þetta er stór hól, þar voru brennur hafðar áður fyrr . Sjónarpúfan er yzt á Jarðbakkannum. Vestur af Álfhól er Tvísteinahæð (52), er rétt við veginn, þar eru merkin. Krossbrekka (53) er inn og austan í Tvísteinahæð . Í Brekkunni er lægð, sem heitir Dýjahvappur (54), og þar neðar er Krosssund (55). Austastahæð (56) er áföst við Tvísteinahæð, eða sama hæðin, en hækkar þar inn. Vegasund (57) er utan við veginn austur af Álfhól; innan við Vegasund er Sléttadökk.⁽⁵⁸⁾ Þess skal geta, að í Álfhól að austan er Álfhólsgræn (59). Og vestur af Álfhól er Tvísteinshæðargræn (60).

Norðan við Ótrauðslæk inn með læknum heita Stórusteinar (61). Inn af þeim eru svo Hálseyrar (62) utan við Krossbrekku. Austan á hálsinum inn af Nónöxl eru tvö höll, Steinhall (63) og ofan þess er Langahall (64). Inn og suður af Nónöxl heita Sund (65). Vestan við Nónöxl og utan við Sund er Þúfusteinn (66), er norðan á hálsinum, einkennilegur steinn með stórri þúfu á kelli.

Þá er Ytri-Vörðuhóll (67) inn af Þúfusteini og rétt utan við Flagbrekkuna, sem fyrr var getið. Þá er Djúpadökk (68) norðan við Vörðuhól. Pípuflaga (69) er norðvestur af Djúpadökk, gamalt engjastykki. Nautaflói (70) er stór ljósalykjuflóa austan við Ótrauðslæk. Austan við flóann er Nautaflóapúfa (71); þetta er hölt með þúfu á. Þá er Innri-Vörðuhóll (72). Mósund er milli hólanna. Og svo er Flagbrekkan aðeins innan við Vörðuhólana.

Norðan við Flagbrekku er engi, sem heitir Grænur (73). Nökk-
 svæði er frá Sundunum að Grænum, en það svæði er nafnlaust. Þar sem Ótrauðslækur og Austasti lækur (74) koma saman, neðan við Stórusteinsöxl, heitir Lækjarmót (75). Beint norður af Grænum er engjastykki gamalt, sem heitir Hnífaflaga (76). Austastilækurinn kemur efst úr flóanum rétt utan við Stórusteinsöxl (77), sem dregur nafn af stórum steini. Aðeins utan við öxlina er tjörn, sem heitir Lómatjörn (78). Suðaustan í miðri öxlinni er gren, sem heitir Stórusteinaxlengren (79), og norðan í öxlinni er gren sem heitir Höla (80).

Innst í Flóanum er Flóabotn (81). Norður af öxlinni er lækur, sem heitir Blesulækur (82), er innst í flóanum. Hann rennur svo norður í Ótrauðslæk. Valdaholt (83) er vestur af öxlinni. Fverlækur (84) fellur í Saurbæjará, og er mest af því í Saurbæjarlandi.

Innan við Stórusteinsöxl er Rauðalækjarsund (85).
 Þar á Rauðilækur (86) upptök sín, en mest af leið sinni er hann í selslandinu. Krókar (87) eru norðan við Rauðalækjarsund niður úr því rennur í Saurbæjará. Suðvestur af þessu sundi er Hálsendahnúta (88), einkennileg hæð, og Vatnakvosir (89) eru innan við Hnútna. Er mikið utar og austar en Saurbæjarvatn, lægðir með smátjörnum. Langihryggur (90), melhryggur inn að Grófarvatni (91), en það vatn er innan við hrygginn. Flæður (92) er flóastykki vestur af Langahrygg. Torfugren (93) er um 400 m. suðvestur af Flæðum, og Grófarvatnsgren (94) er norðvestur af Grófarvatni. Grófarvatnsvosir (95) eru norður af Grófarvatni. Grófarhólar (96) eru út og austur af Grófarvatni og ná að Kverká.

Saurbæjará (97) ræður hér á merkjum úr Saurbæjarvatni (98), og í vatnið rennur Kíll (99), sem er rétt austan við Biðsteinsöxl (100). Reiðaraxlir (101) eru suður frá Biðsteinsöxl; þar er góður

reiðvegur, en sumir vilja láta nafnið vera dregið af hvalbak. Austan í Reyðaröxlum er Ytrisöðull (102) og Innrisöðull (103); þetta eru lægðir uppi í öxlunum. Reiðaraxlaflói (104) er stór og mikill flói frá öxlunum niður að Kverká. Í flóanum er Hestalækur (105). Vestan við axlirnar er Reiðaraxlavatn (106); um það eru merkin þá er Reiðaraxlahorn (107) suðaustur úr öxlinni, svo er þar syst Breiðadrag (108); þar endar Miðfjarðarnesland; og austan við það er Kverká (109).

Stafrófsskrá yfir Miðfjarðarnesland.

Austastahæð 56	Kattarhryggur 23	Sandgil 11
Austastilækur 74	Kílkeldur 29	Sandhæð 6
Álfhóll 51	Kíll 30	Saurbæjará 97
Álfhólsgren 59	Kíll 99	Saurbæjarvatn 98
Básar 42	Krossbrekka 53	Sjónarþúfa 50
Biðsteinsöxl 100	Krossgötugil 3	Skemmufjara 27
Björg 22	Krosssund 55	Skurðir 12
Blesulækur 82	Kot 34	Sléttadökk 58
Berg 38	Krókar 87	Steinhall 63
Bergarkelda 40	Kverká 109	Stekkjarkelda 36
Bergarkrókur 39	Kvíavík 26	Stekkjjarvík 37
Breiðadrag 108	Kvígulág 4	Stekkur 21
Djúpadökk 68	Lagnetsgil 10	Stekkur 35
Dýjahvappur 54	Lambalág 47	Strokkur 24
Fjarðargil 1	Langahall 64	Stórakelda 41
Fjarðargilsmelur 2	Langihryggur 90	Stórasteinsöxl 77
Flagbrekka 8	Langiskurður 13	Stórusteinar 61
Flóabotn 81	Lómatjörn 78	Stórusteinsaxlargren 79
Flæður 92	Lækjargil 32	Sund 65
Grófarhólar 96	Lækjarmót 75	Tangavík 49
Grófarvatn 91	Móhús 5	Torfugren 93
Grófarvatnsgren 94	Myllulind 31	Tvísteinahæð 52
Grófarvatnsvesir 95	Náttmálapúfa 33	Tvísteinahæðargren 60
Grænur 73	Nautafloapúfa 71	Valdaholt 83
Hádegisklettur 25	Nautaflooi 70	Vatnsvesir 89
Hálsendahnúta 88	Norðurfjara 28	Vegasund 57
Hálseyrar 62	Nónöxl 7	Vörðuhóll innri 72
Háls múladökk 17	Ótræðislækur 19	Vörðuhóll ytri 67
Háubakkar 9	Pípuflaga 69	Ytrisöðull 102
Heimarivík 44	Pollalækjarsund 15	Ytrivík 45
Hestalækur 105	Pollalækur 14	Prætumýri 48
Hnífaflaga 76	Rauðalækjarsund 85	Þúfusteinn 66
Hola 80	Rauðilækur 86	Þverlækur 84
Hólpúfa 43	Reiðaraxlaflói 104	
Hrauntangi 46	Reiðaraxlahorn 107	
Innrisöðull 103	Reiðaraxlavatn 106	
Jarðbakkaflooi 18	Reiðaraxlir 101	
Jarðbakki 16		

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur

Miðfjarðarnes

Gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum, ef hægt væri:

- 1) Var Nónöxl eyktamark frá Miðfjarðarnesi?
- 2) Er þekkt skýring á nafninu Ótræðislækur?
- 3) Er Stekkur (21) ennþá greinilegur?
- 4) Eru einhverjar munnmælasagnir tengdar Álfhól?
- 5) Er vitað, hvernig stendur á nafninu Pípuflaga?
- 6) Er vitað um tilefni nafnsins Valdalækur?

- 7) Koma fram í skránni öll örnefni, sem þekkt eru í landareigninni?

- 8) Eru lýsingar örnefnanna nægilega ýtarlegar?